

***BORGARRÁÐ 15. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðauka við fjárhagsáætlun - R19010200***

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill reyna að skilja þessa viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar betur sem koma reglulega inn í borgarráð. Fyrir fólkið í borginni sem vill e.t.v. rýna í þetta væri gott að með viðaukum fylgdi ítarlegri skýringar.

Í þessum viðaukum sem lagðir eru fram á fundi borgarráðs 15. ágúst er óskað nánari skýringa. Til dæmis er talað um viðauka vegna samgöngusamninga jan. til jún. 2019. Ekki kemur fram hvað þetta er nákvæmlega, ferðir? og ef svo er af hverju eru þær í viðauka. Hvaða forsendur breyttust þegar gerð var áætlun um þennan lið?

Í lið 3, er fjallað um námsgögn sem virðast hafa verið vanáætluð, er verið að tala um að bæta þurfi við 40 millj. vegna vanáætlunar? Þetta hefði mátt koma skýrar fram.

Í 8 er talað um velferðartæknismiðju. Hvað er velferðartæknismiðja? Í 9 er talað um að lækka eigi fjárheimildir vegna frestunar á úrræði fyrir tvígreindar konur. Af hverju var þessu úrræði frestað og hvenær er þá reiknað með að því verði komið á?

Í lokaliðnum er talað um að stjórnendur munu raðast í lægri flokk.

Eru þessi aðilar að lækka í launum?